

Nd.

172. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 29. gr. laganna komi ný ákvæði, svo hljóðandi:

Heimilt er hreppsnefnd með samþykki sýslunefndar og bæjarstjórn með samþykki atvinnumálaráðherra að ákveða gjalddaga og innheimtu á útsvörum sem hér segir:

- a. Frá byrjun næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið er sérhver kaupgreiðandi, sem hefir fasta starfsmenn í þjónustu sinni, hvort sem kaup þeirra greiðist vikulega, mánaðarlega eða á annan hátt, skyldur til að halda eftir af kaupinu fyrir hvern mánuð upphæð, er nægi til fullnaðargreiðslu á útsvarinu fyrir næstu áramót, miðað við jafnar greiðslur mánaðarlega til ársloka.

Vilji bæjarstjórn eða hreppsnefnd haga innheimtunni eins og að framan segir, er þeim skylt að senda hverjum kaupgreiðanda, í tæka tíð eftir niðurjöfnun útsvara, tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem hann hefir í þjónustu sinni, og krefjast þess, að hann haldi eftir áskildri upphæð af kaupinu.

- b. Nú hefir kaupgreiðandi í þjónustu sinni daglaunafólk, sjómenn, ákvæðisvinnufólk eða annað starfsfólk, sem ekki er á föstu árskaupi, og skal hann þá skyldur frá 1. degi næsta mánaðar eftir niðurjöfnun útsvara að halda eftir við hverja útborgun sem útsvarshluta 10% af kaupi hvers kaupþiggjanda. Geri menn út til fiskjar í félagi upp á hlut, eða stundi aðra atvinnu í félagi með sama greiðslufyrirkomulagi, ber formanni fyrirtækisins að halda eftir vegna útsvarsgreiðslu allt að 10% af fé því, sem hver útsvarsgreiðandi ber úr bótum. Þó skal eigi skylt að halda eftir útsvarshluta af minni útborgunarupphæð en 30 krónum, enda líði þá minnst vika milli útborgunardaga. Ákvæði þetta nær eigi til þeirra kaupþiggjanda eða hlutarmanna, er sanna með skirteini frá oddvita eða bæjarstjóra, að hann geri eigi kröfu til greiðslu á þennan hátt. Ákvæðið gildir þar til kaupþiggjandi eða hlutarmaður hefir lokið útsvarsgreiðslu sinni, enda þótt komið sé nýtt gjaldár, en heimilt er að innheimta hjá honum eftirstöðvar útsvarsins með lögtaki eða á annan hátt, þegar sýnt er, að fullnaðarskið fást ekki á þennan hátt fyrir gjaldárslok. Sé heimildargrein þessi notuð, má ekki reikna dráttarvexti af útsvörum þeim, er undir hana heyra, á því gjaldári, sem útsvörin eru á lögð.
- c. Upphæðum þeim, sem innheimtast samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, heldur kaupgreiðandi sérgreindum sem geymslufé og stendur skil á þeim til bæjar- eða sveitarsjóðs a. m. k. mánaðarlega. Formaður fyrirtækis hlutarmanna stendur bæjar- eða sveitarsjóði skil á útsvarsgreiðslum þeirra, þegar útborganir hluta fara fram.
- d. Verzlani, iðnaðarfyrirtæki, skráð útgerðarfélag og önnur sambærileg útsvarskyld fyrirtæki, hvort sem er einstakra manna eign eða félaga, skulu greiða útsvör sín mánaðarlega, og fellur fyrsta mánaðargreiðsla í gjalddaga 1. dag næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið. Hin mánaðarlega greiðsluupphæð reiknast út á þann hátt, að deila mánaðarfjölda þeim, sem eftir er af gjaldárinu, þegar niðurjöfnun er lokið, í útsvarsupphæð.

Vanræki kaupgreiðandi eða formaður skil samkv. a-, b- og c-lið þessarar greinar, má taka upphæðir þær, er honum ber að sjá um greiðslu á, lögtaki hjá honum sjálfum.

2. gr.

Í stað orðsins „gestarétti“ í síðustu málsg. 29. gr. laganna komi: bæjarþingi eða aukarétti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi:

1. að styrkja aðstöðu bæjar- og sveitarfélaga til þess að ná inn útsvörum hjá þeim gjaldendum, sem það ræðir um, — og

2. að tryggja það, að bæjar- og sveitarfélögin fái inn útsvarstekjurnar frá gjaldendunum jafnharðan og þeir fá útborguð laun sín og aflafé. En eins og nú er eiga bæjar- og sveitarfélögin við þann erfiða kost að búa, að nálega ekkert af útsvarstekjunum innheimtist fyrr en seint á ári. Veldur þetta bæjar- og sveitarfélögunum miklum greiðsluvandræðum mikinn hluta ársins, því veltufé að láni er bæði lítt fáanlegt fyrir þau og dýrt.

Frumvarpið er byggt á því sem grundvallaratriðum:

1. Að eðlilegt sé, að gjaldendur borgi útsvör sín, eftir að þau hafa verið á lögð, jafnharðan og þeir fá inn tekjur sínar.
2. Að nauðsynlegt fyrirkomulag til þess, að þetta megi takast, sé að gera kaupgreiðendum, atvinnurekendum og formönnum skylt að greiða útsvörin fyrir þá gjaldendur, sem hjá þeim fá kaup eða aflafé, svo nokkru nemur, enda sambærilegt fyrirkomulag við ákvæði í tryggingarlöggjöfinni íslenzku, og víða tíðkað erlendis um innheimtu skatta til ríkis og bæja.
3. Að þessi skylda kaupgreiðenda, atvinnurekenda og formanna sé svo létt og auðveld fyrir þá, á þann hátt, sem fyrir er mælt í frumvarpinu, að forsvaranlegt sé að gera þá ábyrga, eins og þar er gert ráð fyrir.
4. Að með þessu fyrirkomulagi takist, svo um muni, að koma í veg fyrir, að útsvör tapist hjá óreiðu- og óskilamönnum, en hinsvegar geti fyrirkomulagið varla verið skilamönnunum mótstæðilegt, því það eykur ekki útgjöld þeirra, sem borga hvort sem er.
5. Að innheimtan geti með þessu móti orðið ódýrari og friðsamlegri en hún nú er, því úr innheimtueltिंगaleik dragi, og lögtökum, sem eru bæði fyrirhafnar-söm og óvinsæl, fækki.

Um einstakar greinar frv. skal tekið fram:

Um 1. gr.

Einstök ákvæði þessarar greinar skýra sig sjálf með tilliti til þess, sem að framan er sagt.

Um 2. gr.

Sjálfsgagt er að taka upp í lögin nógildandi réttarheiti.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er, að lagaákvæði þessi komi til framkvæmda þegar á þessu ári.

Reykjavík, 16. febr. 1939.

Karl Kristjánsson.
Ólafur Sveinbjörnsson.

Friðjón Skarphéðinsson.
Benedikt Guttormsson.